

## REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum.

### 1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum, búsettum hér á landi, er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni eða um borð í skipi eða flugvél — annan en þann, sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 14 000 krónur að smásöluverði erlendis. Andvirði annarra vara en fatnaðar má þó ekki nema meiru en 7 000 kr. og andvirði matvæla (þar með talið sælgæti) ekki meiru en 1 400 kr. Þó má andvirði myndavéla, sjónauka, útvarpstækja og segulbandstækja nema  $\frac{3}{4}$  hlutum af upphæðinni, enda gangi tollgæslumenn úr skugga um, að andvirði nýrra vara í heild fari ekki fram úr kr. 14 000. Börn yngri en 12 ára njóta ekki réttinda til innflutnings gjaldskyldra vara án greiðslu aðflutningsgjalda.

Ferðamenn eru háðir innflutningstakmörkunum 3. og 4. greinar.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. ml. þessarar greinar fyrir allt að 2 000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð.

Tilsvarendi undanþága er kr. 9 000 fyrir lengri ferð en 20 daga og kr. 14 000 fyrir lengri ferð en 40 daga. Aðilar, sem þessi mgr. tekur til, eru sjálfráðir um það, hvaða vörutegund þeir taka með sér skv. þessu heimildarákvæði, og eru ekki háðir öðrum takmörkunum en þeim er leiða af 3. og 4. gr. reglugerðarinnar.

Ferðamönnum, búsettum erlendis, er heimilt að hafa með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda, til eigin nota á ferðalaginu, iverufatnað, sængurföt, viðleguútbúnað og annan ferðabúnað, að því tilskildu, að varningur þessi geti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti, og enn fremur að varningurinn verði fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti, sem hann eyðist ekki hérlendis.

### 2. gr.

Áfengi og tóbaksvörur.

Við komu til landsins er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengi og tóbaksvörum, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

	Áfengi þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öi
1. Ferðamenn .....	$\frac{3}{4}$ lítra. Auk þess 1 lítra af víni undir 21% styrkleika.	200 stk. vindli- ingar eða 250 gr. annað tóbak.	ekkert.

	Áfengi þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl
2. Skipverjar á íslenskum skipum, sem eru lengur í ferð en 20 daga . (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	2 × ¾ lítra	400 stk. vindlingar eða tilsvarendi magn annað tóbak.	48. fl.
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslenskum skipum, sem eru 20 daga eða skemur í ferð . . . . . (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	¾ lítra.	200 stk. vindlingar eða tilsvarendi magn annað tóbak.	24. fl.
4. Flugáhafnir (þar með taldar aukaáhafnir) . . . . .	⅓ lítra.	100 stk. vindlingar eða tilsvarendi magn annað tóbak.	12. fl.

Skipverjar á íslenskum skipum, sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar, skulu tollafgreiddir samkvæmt 3. tl.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 gr., hver smávindill 25 gr. og hver vindlingur 1.25 gr. Smávindlar 1.5 gr. og léttari reiknast sem vindlingar. Hver flaska af öli má innihalda allt að 500 gr.

Ef skip, sem er í utanlandssiglingum, dvelur hér við land lengur en 7 daga samfleytt, má gefa skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða tilsvarendi magn af öðru tóbaki til hverra 7 daga. Skipstjóri, 1. stýrimaður, 1. vélstjóri og bryti skulu vegna risnu, fá tvöfaldan tóbaksskammt þann, sem að framan greinir.

Frekari ívilnanir varðandi áfengi og tóbak fá skipverjar ekki.

Skipverjum og flugliðum erlendra farartækja er óheimilt að hafa með sér í land úr farartæki sínu annað eða meira af hinum tollfrjálsa varningi en hæfilegan dagskammt af tóbaksvörum við hverja landgöngu.

Ákvæði þessi gilda, að því er áfengi varðar, ekki fyrir menn, sem eru undir 20 ára aldri og að því er varðar tóbak ekki fyrir þá, sem eru undir 16 ára aldri. Menn njóta eigi undanþágu, nema þeir sanni aldur sinn með framvísun nafnskirteinis eða á annan hátt, ef tollgæslumaður krefst þess.

### 3. gr.

#### Innflutningsbann.

Varning, sem bannað er með lögum að flytja til landsins, svo sem ósoðnar kjötvörur eða sláturafurðir, er óheimilt að flytja inn skv. 1. gr.

Eftirtaldar vörur, sem háðar eru innflutningstakmörkunum eða leyfisveitingum er einnig óheimilt að flytja inn samkvæmt 1. gr.:

1. Egg og hvers konar afurðir alifugla.
2. Smjör.
3. Lyf umfram þau, sem eru til persónulegra nota viðkomandi far- eða ferðamanns.
4. Skotvopn.

### 4. gr.

#### Takmarkanir.

Tollundanþágur skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning, sem fluttur er inn til persónulegra nota viðkomandi eða fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Tollyfirvaldi er heimilt að ákveða, að hátollavörur sömu tegundar megi ekki flytja tollfrjálst inn skv. 1. gr. nema fyrir tiltekinn hluta af þargreindum fjárhæðum.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki oftár en einu sinni á sama sólarhringnum tollundanþágu skv. 1. og 2. gr.

Tollundanþága ferðamanna skv. 1. mgr. 1. gr. gildir ekki um hluta af verði munar, en tollundanþága skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 3. og 4. mgr. 1. gr., getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti viðkomandi munar sé innan við tvöfalda þá fjárhæð, sem tilgreind er í 3. og 4. mgr. 1. gr.

Tollundanþága skv. 1. og 2. gr. tekur einungis til varnings, sem viðkomandi faræða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum.

### 5. gr.

Af vörum, sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjöld.

### 6. gr.

#### Framvísunarskylda o. fl.

Sérhver farþegi, sem kemur til landsins erlendis frá, skal við komuna ótilkvaddur framvísa öllum farangri sínum við tollgæslumann. Að því búnu ber tollgæslumanni að inna farþegann eftir, hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning, sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni. Ef farþeginn kveðst hafa meðferðis tollskyldan varning þ. e. annan, meiri eða verðmætari varning en heimilaður er innflutningur á án greiðslu aðflutningsgjalda í 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar, skal hann skýra tollgæslumanni nákvæmlega frá, hver sá varningur er og verðmæti hans. Af þeim varningi skal greiða aðflutningsgjöld að svo miklu leyti sem innflutningur hans er heimill.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram, er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá, sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur, sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni. Skulu fyrrnefndir farþegar ganga um hlið, merkt grænu, áttýrndu skilti með áletruninni: "ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrnu skilti með áletruninni: "TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Við skiltin skal skráð "TOLLGÆSLA". Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum, sem tollyfirvaldi þykir ástæða til.

Um leið og farþegi hefur gengið um hlið, sem merkt er samkvæmt framan-sögðu, telst hann hafa svarað því, sem tollgæslumanni bæri ella að spyrja um, hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning, sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi, sem hann hefur meðferðis, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki, og framvísa honum ótilkvaddur fyrir tollgæslumanni.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns, skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn, sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun, sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan, skoðast hann ólöglega fluttur inn og skal gerður upptækur til ríkissjóðs.

## 7. gr.

## Ýmis ákvæði.

Séu vörur, sem tollafgreiddar hafa verið með undanþágu samkvæmt reglugerð þessari, seldar eða boðnar til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd, varðar það refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tölulið 2. gr. tollskrárlaga nr. 6 5. mars 1974 og 42. tl. 3. gr. sömu laga, skal taka gildi þegar í stað og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 117 25. maí 1972 um sama efni svo og 62. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit.

*Fjármálaráðuneytið, 1. ágúst 1975.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Þorsteinn Ólafsson.*

Nr. 363.

1. ágúst 1975.

## AUGLÝSING

## um aðalbrautir og hámarkshraða.

## 1. gr.

Eftirtaldir vegarkaflar teljast aðalbrautir:

- a. Vesturlandsvegur frá Mógilsá í Kollafirði um Kollafjarðarkleifar að enda bundins slitlags á veginum þar.
- b. Grindavíkurvegur frá Reykjanesbraut að mörkum Þjóðvegur í þéttbýli við Grindavík.
- c. Reykjanesbraut frá mörkum Þjóðvegur í þéttbýli við Keflavík að mörkum Þjóðvegur í þéttbýli við Sandgerði. Við vegamót Garðskagavegar og Reykjanesbrautar norðan Keflavíkur skal þó Garðskagavegur njóta aðalbrautarréttar gagnvart Reykjanesbraut.

## 2. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september gilda eftirfarandi reglur um hámarkshraða á vegarköflum samkvæmt a- og b-lið 1. gr., svo og á Reykjanesbraut frá vegamótum við Garðskagaveg að mörkum Þjóðvegur í þéttbýli við Sandgerði:

Hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 80 km. á klst.

Hámarkshraði bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 60 km. á klst.

## 3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. ágúst 1968, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. ágúst 1975.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*